

Alþingi
Erindi nr. P 140/2244
komudagur 8.5.2012

Athugasemdir við Rammaáætlun

Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir [kih1@hi.is]

Sent: 8. maí 2012 12:49

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Forgangur: Mikill

B/t Atvinnuveganefnd

Efni: Athugasemdir við Rammaáætlun

Ég, Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir kt.050487-2889, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálftrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir
Reykjavík
8. maí 2012